

Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatni

Reykjavík 5. janúar 2018
UST201710-096/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2016 - 2030 - Endurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu er barst 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps.

Orkuvinnslusvæði í Hengli

Í greinargerð aðalskipulags kemur fram að gert er ráð fyrir nýju orkuvinnslusvæði/iðnaðarsvæði í Þverárdal. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að koma fram í greinargerð hver stækkunin er á iðnaðarsvæðinu. Þótt ekki komi fram hve mikil aukningin er á skilgreindu iðnaðarsvæði innan sveitarfélagsins, þá er ljóst að stækkunin er nálægt því að tvöfalda orkuvinnslusvæði/iðnaðarsvæði innan þess. Í greinargerð kemur fram að stækkun svæðisins stafi af því að svæðið sé skilgreint mun víðar en áður. Einnig kemur fram að iðnaðarstarfsemi og vinnslusvæðin eru á afmörkuðum svæðum svo og lagnaleiðir, en að stærsti hluti skilgreinds iðnaðarsvæðis verði óraskað land sem nýtist áfram til útivistar. Að mati Umhverfisstofnunar ætti ekki að skilgreina óraskað land sem nýtist til útivistar sem iðnaðarsvæði. Stór hluti þess svæðis sem nú er gerð tillaga um að skilgreina sem iðnaðarsvæði er í gildandi aðalskipulagi skilgreint sem hverfisverndarsvæði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að halda hverfisvernduðu svæðunum sem útivistarsvæðum og fyrir utan iðnaðarsvæðin. Iðnaðarsvæði er skilgreining sem er notuð yfir svæði með mengandi starfsemi, virkjanir og urðunarstaði svo eitthvað sé nefnt og að mati Umhverfisstofnunar á að nýta slíka skilgreiningu eins þröngt og kostur er á útivistarsvæði eins og því sem er í Þverárdal. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að fram komi, hvaða áhrif stækkun iðnaðarsvæðis hefur á útivist á svæðinu.

Vindorka

Í ofangreindri endurskoðaðri aðalskipulagstillögu kemur fram að gert er ráð fyrir vindmyllugörðum á þremur jörðum (Bíldfell III- mögulegur vindmyllugarður, Lyngdalur -iðnaðarsvæði vegna vindmyllna og á Mosfellsheiði). Einnig er gert ráð fyrir

vindmyllugarði á hálandissvæði norðan línuvegjar. Einnig kemur fram að um er að ræða framkvæmdir sem enn eru á umræðustigi og hafa því ekki verið útfærðar nákvæmt og þar af leiðandi er talið að of snemmt sé að segja til um umfang neikvæðra áhrifa af áætluðum vindmyllugörðum. Að mati Umhverfisstofnunar er það fyrsta skref í átt til framkvæmda að staðsetja iðnaðarsvæði í aðalskipulagi, og tekur stofnunin mark á slíku. Að mati stofnunarinnar ætti því að vinna umhverfismat áætlunar um vindmyllugarð, ef slíkt svæði er merkt á aðalskipulagsupprætti.

Umhverfisstofnun vill því benda á varðandi áherslu á nýtingu vindorku, að landsskipulag leggur áherslu á að við skipulagsákvæðanir um nýja orkuvinnslukosti og lagningu raflína, verði lagt mat á umhverfisáhrif, þar á meðal sjónræn áhrif og leitast við að velja þann kost sem valdi minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Einnig bendir stofnunin á að varðandi vindorku er gagnlegt að líta til reynslu Dana en þar í landi eru sífellt fleiri andvígir því að staðsetja vindmyllur nærri byggð, og áhersla er frekar á að staðsetja þær fjarri byggð. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að skilgreina landslag og svæði þar sem síður er æskilegt að staðsetja vindmyllur, t.d. svæði með fagurt útsýni. Einnig þarf að hafa í huga möguleg áhrif á farleiðir fugla og einnig hátíðnihljóð og hávaða er slíkum mannvirkjum geta fylgt. Æskilegt væri að vindmyllur væru staðsettar á svæðum sem nú þegar eru röskuð og einnig að myllur séu staðsettar fleiri saman frekar en að dreifa stökum vindmyllum víða.


Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um úrbætur í fráveitumálum í sveitarfélaginu, og telur stofnunin umfjöllun um fráveitu innan vatnasviðs Þingvallavatns afar mikilvæga. Stofnunin tekur undir að öruggasta leið til að stöðva mengun frá sumarhúsum á svæðum þar sem jarðvegur er þunnur og erfitt að koma fyrir rotþróum, sem virka því varla sem skyldi s.s. við Þingvallavatn, er að koma fyrir safnþró við frístundahús sem er tæmd reglulega. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að almenn markmið og ákvæði um fráveitu í greinargerð aðalskipulagstillögunnar verði tímasett.

Efnistökusvæði

Umhverfisstofnun tekur undir markmið í upphafi kafla um efnistökusvæði. Einnig kemur fram um efnistökusvæði að alls 40 efnistökuastaðir eru skráðir og þar af eru 26 í notkun og 11 hafa ekki verið nýttir. Að mati Umhverfisstofnunar ætti einungis að merkja á aðalskipulagsupprætt þá efnistökuastaði sem ætlunin er að nýta á skipulagstímabilinu. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að efnistökusvæði með framkvæmdaleyfi séu nýttar en ekki önnur svæði, sérstaklega svæði þar sem rask vegna efnistöku er sýnilegt í umhverfinu s.s. í og við Seyðishóla, þar sem æskilegt er að sameina efnistökusvæði. Umhverfisstofnun bendir á að ganga þarf frá efnistökusvæðum sem hætt er að nýta. Leiðbeiningar um frágang efnistökusvæða er að finna á vefsíðunni namur.is.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur